



23. fundur stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands haldinn miðvikudaginn 11. desember 2024 kl. 12 í húsakynnum safnsins að Laugavegi 162 í Reykjavík.

Fundinn sátu Anna Agnarsdóttir formaður, Erla Hulda Halldórsdóttir, Gunnar Örn Hannesson, Óskar J. Sandholt, Ragna Kemp Haraldsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir. Enn fremur sátu fundinn Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður, Þuríður Árnadóttir sviðsstjóri rekstrar, Ólafur Arnar Sveinsson sviðsstjóri fræðslu og rannsókna og Njörður Sigurðsson aðstoðarþjóðskjalavörður sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Breyting á fulltrúum í stjórnarnefnd
2. Yfirlit yfir starfsemi – frá þjóðskjalaverði
3. Fjármál
4. Verkefni Þjóðskjalasafns árið 2025
5. Eftirlitskönnun með ríkisaðilum 2024
6. Þjóðlenduverkefni – verklok
7. Húsnæðismál, útlit og horfur
8. Formaður stjórnar fer yfir farinn veg

Anna Agnarsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Breytingar á fulltrúum í stjórnarnefnd.

Formaður fór yfir breytingar sem hafa verið gerðar á stjórnarnefnd frá síðasta fundi. Ragna Kemp Haraldsdóttir hefur verið skipuð aðalmaður í stjórnarnefnd eftir tilnefningu frá félagsvísindasviði Háskóla Íslands og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson varamaður hennar.

Til máls tók Anna Agnarsdóttir.

2. Yfirlit yfir starfsemi – frá þjóðskjalaverði.

Þjóðskjalavörður fór yfir starfsemi Þjóðskjalasafns síðustu mánuði. Hún fjallaði um mannauðsmál, fræðslu til starfsfólks safnsins og kynnisheimsókn sem starfsfólk héraðsskjalasafna var boðið upp á nóvember. Þá gerði hún grein fyrir norrænu og evrópsku samstarfi skjalasafna.

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir, Anna Agnarsdóttir og Erla Hulda Halldórsdóttir.

3. Fjármál.

Þuríður Árnadóttir, sviðsstjóri rekstrar, gerði grein fyrir stöðu fjármála Þjóðskjalasafns á árinu 2024. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2024 var framlag úr ríkissjóði 802,5 m.kr., sértekjur voru áætlaðar 97,87 m.kr. og framlag til héraðsskjalasafna sem Þjóðskjalasafn hefur umsjón með er 31,5 m.kr. kemur til viðbótar sem tilfærsla. Staða fjármála í lok nóvember 2024 er 98,5 m.kr. í mínus sem skýrist af því að kostnaður vegna húsnæðis að Sundaborg hefur ekki enn verið fjármagnaður af ríkinu og upplýsingar úr fjárukalögum 2024 liggja ekki fyrir en vitað er að



framlag vegna húsnæðis upp á 40 m.kr. eru í þeim. Þá eru launabætur vegna kjarasamninga ekki komnar inn í fjárveitingar en skila sér í fjárauka. Staða fjárfestinga í lok nóvember eru 73,9 m.kr. umfram heimild en sérstakt framlag upp á 80 m.kr. verður fært af rekstri á fjárfestingarlið með fjárukalögum 2024.

Einnig var farið yfir fjármál ársins 2025 þó ekki liggi fyrir endanlegar tölur samkvæmt fjárlögum. Í fjárlagafrumvarpi 2025 var gert ráð fyrir að heildarfjárhagsrammi safnsins yrði 1.115,1 m.kr., þar af 998,7 m.kr. til rekstrar og 116,4 m.kr. til fjárfestinga. Þess má geta að 100 m.kr. fjárfestingarframlag á árinu 2025 er til hillukaupa í varðveisluhús að Sundaborg 11. Farið var yfir drög að rekstraráætlun sem gerð hefur verið en hún verður uppfærð þegar endanlegar upplýsingar úr fjárlögum liggja fyrir.

Til máls tóku Þuríður Árnadóttir og Anna Agnarsdóttir.

4. Verkefni Þjóðskjalasafns árið 2025.

Njörður Sigurðsson, aðstoðarþjóðskjalavörður, fór yfir áætlun um helstu áhersluverkefni Þjóðskjalasafns á árinu 2025. Fór hann m.a. yfir áætlanir um útgáfu leiðbeiningarita um skjalavörslu og skjalastjórn, reglusetningu, eftirlit, áætlun samstarfsverkefni í stafrænni endurgerð, innleiðingu á nýju skjalaskrárkerfi, endurnýjun á miðlunarvef safnsins, heimildaútgáfu, kennslu í hagnýtri skjalfræði, forvörsluverkefni og áætlun um mannauðsmál

Til máls tóku Njörður Sigurðsson, Anna Agnarsdóttir, Óskar J. Sandholt, Ólafur Arnar Sveinsson, Gunnar Örn Hannesson, Ragna Kemp Haraldsdóttir og Þuríður Árnadóttir.

5. Eftirlitskönnun með ríkisaðilum 2024.

Njörður Sigurðsson, aðstoðarþjóðskjalavörður, gerði grein fyrir niðurstöðum eftirlitskönnunar á skjalavörslu og skjalastjórn ríkisins árið 2024. Gerð var rafræn könnun um skjalahald afhendingarskyldra aðila ríkisins í febrúar á þessu ári, skýrsla með niðurstöðum var gefin út í nóvember og fór kynningarfundur fram þann 9. desember síðastliðinn. Helstu niðurstöður eftirlitskönnunarinnar eru að skjalavarsla og skjalastjórn ríkisins fer áfram batnandi. Skilningur afhendingarskyldra aðila á þeim lagalegu kröfum sem gerðar eru til skjalavörslu og skjalastjórnar hins opinbera hefur aukist mikið á undanförunum árum sem skilar sér í betri stöðu í skjalahaldi. Nú mælast 80% stofnana, embætta og fyrirtækja ríkisins á efstu stigum þroskamódel skjalavörslu og skjalastjórnar sem er mælitæki um hvernig aðilar uppfylla lög, reglur og kröfur um skjalavörslu og skjalastjórn. Í fyrsta skipti mælast afhendingarskyldir aðilar á þroskastigi 4 sem er skilgreint sem fyrirmyndarskjalavarsla og skjalastjórn. Í könnuninni kemur í ljós að stofnanir, embætti og fyrirtæki ríkisins nota um 1.900 rafræn gagnasöfn í sínum störfum en notkun rafrænna gagnasafna hefur aukist í takt við aukna áherslu um stafræna þjónustu hins opinbera. Samhliða aukinni notkun rafrænna gagnasafna hefur skjalamyndun og varðveisla á pappírskjölum minnkað. Nú eru um 61.100 hillumetrar af pappírskjölum í vörslu afhendingarskyldra aðila ríkisins en þeir voru 106.000 árið 2021, því hefur umfangið minnkað um 42%. Reiknað er með að á næstu 30



árum muni Þjóðskjalasafn taka við þeim pappír sem þegar hefur orðið til hjá ríkinu og við það mun pappírssafnkostur safnsins stækka um 85-100% á sama tíma.

Til máls tóku Njörður Sigurðsson og Ragna Kemp Haraldsdóttir.

6. Þjóðlenduverkefni - verklok.

Ólafur Arnar Sveinsson, sviðsstjóri fræðslu og rannsókna, fór yfir stöðu vinnu við gagnaöflun um jarðir og landsvæði vegna málsmeðferðar óbyggðanefndar en Þjóðskjalasafn hefur sinnt því verkefni frá árinu 2003. Nú er að fara af stað vinna við síðasta svæðið, svæði 12 sem eru eyjar og sker. Ólafur gerði grein fyrir vinnunni sem hefur verið unnin í Þjóðskjalasafni og þeirri vinnu sem framundan er við gagnaöflun.

Til máls tóku Ólafur Arnar Sveinsson, Anna Agnarsdóttir og Ragna Kemp Haraldsdóttir.

7. Húsnæðismál, útlit og horfur.

Þjóðskjalavörður fór yfir stöðu á húsnæðisgreiningu safnsins sem FSRE hefur unnið að. Þarfagreining var unnin á vegum FSRE með aðstoð frá VSÓ frá maí til október á þessu ári. Í þeirri vinnu var víðtækt samráð við hagaðila Þjóðskjalasafns, lögð áhersla á öruggt varðveisluhúsnæði og verðugan stað fyrir höfuðstöðvar og skoðuð möguleg samlegðaráhrif við aðrar stofnanir ríkisins. Næsta skref er valkostagreining með beinni tillögu frá FSRE.

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir, Erla Hulda Halldórsdóttir, Ragna Kemp Haraldsdóttir og Anna Agnarsdóttir.

8. Formaður stjórnar fer yfir farinn veg.

Anna Agnarsdóttir, formaður, létur af störfum í stjórnarnefnd eftir þennan fund. Af því tilefni fór hún yfir þær stórtæku breytingar sem hafa orðið í Þjóðskjalasafni á síðustu árum í góðu samtali við stjórnarnefnd. Að lokum færði þjóðskjalavörður Önnu blómvönd með kærri þökk fyrir gott samstarf og stuðning við starf Þjóðskjalasafns frá árinu 2016.

Til máls tóku Anna Agnarsdóttir og Hrefna Róbertsdóttir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00.